



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 · 235 Reykjanesbær · Kt. 640479-0279
Sími: 420-3288 · Netfang: sss@sss.is

766. fundur

Árið 2021, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 17. febrúar, kl. 8:00 á skrifstofu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesja, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær.

Mætt eru: Jóhann Friðrik Friðriksson, Ingþór Guðmundsson, Laufey Erlendsdóttir, Hjálmar Hallgrímsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jóhann Friðrik Friðriksson setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

1. Verkefnakynning – bætt þjónusta ríkisins á Suðurnesjum. Gestir: Hilma Hólmsfríður Sigurðardóttir, Hera Ó. Einarsdóttir, Þór G. Þórarinsson og Logi Gunnarsson.

Verkefnið um bætta þjónustu ríkisins á Suðurnesjum var kynnt. Verkefnið snýst um að samþætta opinbera þjónustu á einum stað. Markmiðið er að styrkja og auka heildstæða þjónustu á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála á Suðurnesjum. Búið er að tryggja fjármuni til verkefnisins m.a. úr Byggingaáætlun 2018-2024. Verkefni nr. 3 í Suðurnesjaskýrslu (Covid aðstoð) er hluti af þessu verkefni.

Stjórn S.S.S. þakkar gestum fyrir góðar og fræðandi kynningar.

2. Sóknaráætlun Suðurnesja – áhersluverkefni 2021.

Stjórn S.S.S. samþykkir eftirfarandi verkefni sem átaksverkefni 2021:

Ný verkefni:

- Átaksverkefni vegna verkefna samstarfshóps í aðgerðaráætlun fyrir Suðurnes. Verkefni nr. 2021-1, upphæð kr. 2.145.000,-
- Sjálfbærnigarður, hringrásarhagkerfi í Helguvík. Verkefni nr. 2021-2, upphæð kr. 5.000.000,-
- Sorporkustöð í Helguvík. Verkefni nr. 2021-3, upphæð kr. 5.000.000,-
- Geðrækt á Suðurnesjum. Verkefni nr. 2021-4, upphæð kr. 4.000.000,-
- Efling ferðamála á Suðurnesjum. Verkefni nr. 2021-5, upphæð kr. 4.571.659,-

Áframhaldandi verkefni:

- Ímynd Suðurnesja. Verkefni nr. 2020-1, upphæð kr. 10.000.000,-
- Myndabanki fyrir Reykjanes. Verkefni nr. 2020-2, upphæð kr. 2.000.000,-
- Sjálfbærni og samvinna sveitarfélaga. Verkefni nr. 2020-4, upphæð kr. 2.000.000,-
- Reykjanes Unesco Global Geopark. Verkefni nr. 2020-3, upphæð kr. 10.000.000,-

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'JE', 'BJ', and 'JH'.



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 · 235 Reykjaneshæð · Kt. 640479-0279
Sími: 420-3288 · Netfang: sss@sss.is

- Tindar Reykjaness. Verkefni nr. 2020-5, upphæð kr. 2.500.000,-
Framkvæmdstjóra falið að senda verklýsingar inn til stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

3. Erindi frá Reykjaneshæð dags. 21.01.2021, vegna akstursstyrki fyrir námsmenn.

Námsmenn sem búa á Suðurnesjum eiga rétt á því að sækja um dreifbýlisstyrki til LÍN og er styrkur fyrir hverja önn er kr. 93.000,- Nema kort á milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins kostar kr. 80.000,- per önn

Stjórn S.S.S. telur mikilvægt að kynna fyrir íbúum Suðurnesja þjónustu sem er í boði fyrir námsmenn sem stunda nám á framhaldsskólastigi á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjóra falið að taka saman upplýsingar og senda á sveitarfélög.

4. Fundargerð Reykjaneshæðar jarðvangs nr. 57, dags. 15.01.2021. Lögð fram.

5. Afrit af erindi Suðurnesjabæjar til Heilbrigðisráðuneytis dags. 28.01.2021, vegna heilbrigðisþjónustu í Suðurnesjabæ.

Stjórn S.S.S. tekur undir bókun bæjarráðs Suðurnesjabæjar um að íbúar fái notið heilbrigðis- og velferðarþjónustu í sínu sveitarfélagi sem og að unnin verði þarfagreining um heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum hið fyrsta.

6. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 26.01.2021, vegna boðunar á XXXVI landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga verður haldið þann 26. mars 2021 á Grand hóteli.

7. Tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 03.02.2021. Drög að umsögn Sambandsins um innleiðingu hringrásarhagkerfisins.

Stjórn S.S.S. tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

8. Erindi frá nefndarsviði Alþingis – umsagnir.

a. Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál. <http://www.althingi.is/altext/151/s/0462.html>
Lagt fram.

b. Tillaga til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 121. mál.

<http://www.althingi.is/altext/151/s/0122.html>

Lagt fram.

c. Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, 378. mál.

<http://www.althingi.is/altext/151/s/0470.html>

Lagt fram.

J.H.


2
L.E.
J.H.



- d. *Tillaga til þingsályktunar um millilandaflug um Hornarfjarðarflugvöll, 115.mál.* <http://www.althingi.is/altext/151/s/0116.html>
Lagt fram.
- e. *Tillaga til þingsályktunar um byggingu hátæknisorprensustöðvar, 125.mál.* <http://www.althingi.is/altext/151/s/0126.html>
Stjórn S.S.S. vísar í skýrslu sem unnin var af ReSource fyrir Umhverfisstofnun. Þar kemur m.a. fram á bls. 4, að hagstæðara sé að hafa eina sorpbrennslustöð á Íslandi frekar en margar litlar. Sveitarfélögin á Suðurnesjum, Kadeco, Isavia og S.S.S. vinna að innleiðingu hringrásarhagkerfisins á Suðurnesjum. Hluti af því verkefni er að stofnun Sjálfbærnigarðs í Helguvík þar sem ný sorporkustöð væri hjartað í slíkum garði. Stjórn S.S.S. ásamt fyrr nefndum aðilum lýsa yfir áhuga á því að vinna að þessu máli í samráði við aðra hagaðila.
- f. *Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í landgræðslu, 320.mál.* <http://www.althingi.is/altext/151/s/0360.html>
Lagt fram.
- g. *Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga, 478.mál.* <http://www.althingi.is/altext/151/s/0805.html>
Lagt fram.
- h. *Umsögn um frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála, 471.mál.* <http://www.althingi.is/altext/151/s/0794.html>
Stjórn S.S.S. mun í samráði við önnur landshlutasamtök á Íslandi skila inn sameiginlegri umsögn, er áður var send þann 4. desember 2020 í samráðsgátt stjórnvalda. Auk þess sem fram kom í þeirri umsögn verður bætt inn ábendingu varðandi 9.gr. frumvarpsins er snýr að skilgreiningu samráðsvettvangs Sóknaráætlaða.


9. Tilnefning í skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja 2021-2025.
Frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.


Jóhann Friðrik Friðriksson


Laufey Erlendsdóttir


Hjálmar Hallgrímsson


Ingþór Guðmundsson


Berglind Kristinsdóttir